

Mál nr. 200/2011**M****og****Vátryggingafélag Íslands hf. v/ábyrgðartryggingar G**

Vinnuslys 10.08. 2010, sjóðheit olía skvettist af steikarpönnu yfir vinstri handlegg M sem var að færa pönnuna til í eldhúsi.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.05. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.05. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína sem kokkur. M telur að rekja megi slysið til þess að skaft umræddrar steikarpönnu hafi ekki verið í fullnægjandi ásigkomulagi sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið telur að rekja megi slysið til óhappatilviljunar og óaðgæslu M sjálfs sbr. umfjöllun félagsins í gögnum málsins.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi slys M til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi G eða starfsmanna sem hann ber ábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óaðgæslu M að ræða og/eða óhappatilvik.

Virðist sem M hafi verið kunnugt um aðstæður sem fyrir hendi voru. M hefur ekki sýnt fram á að hún hafi kvartað yfir aðstæðum ellegar reynt að taka umrædda steikarpönnu úr notkun.

Staðhæft er í gögnum málsins að M hafi haft yfirumsjón með þeirri vinnu sem fram fór í eldhúsinu og að hún hafi ákveðið að nota um rædda steikarpönnu. Takmörkuð gögn máls þessa sýna ekki fram á bótaskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Það breytir ekki ofanrituðu þó að atvik máls þessa voru ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu. Atvik virðast vera ljós í meginatriðum.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 21. júní 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.